



# **SJÁLFSMATSSKÝRSLA**

**2019-2020**

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Vorönn 2020.....	3
Um skólann.....	5
Gæðastefna skólans .....	8
Gæðamarkmið.....	9
Verk- og framkvæmdaáætlun 2020-2023 .....	10
Mat á skólastarfinu.....	11
Innra mat.....	12
Starf sjálfsmatsteymis .....	12
Tölulegar upplýsingar .....	14
Kennslumat í dagskóla.....	18
Kennslumat fjarnáms .....	19
Mat á innihaldi fjarnámsáfanga .....	20
Viðhaldsúttekt á gæðavottun fjarnáms – rýni stjórnenda .....	20
Brotthvarf .....	22
Sálfræðiþjónusta .....	22
Félagslíf nemenda .....	22
Umhverfismál .....	23
Heilsueflandi framhaldsskóli .....	23
Stefnur og áætlanir.....	24
Áætlun gegn einelti .....	24
Erlent samstarf .....	26
Ytra mat.....	28
Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis .....	28
Stofnun ársins 2020.....	28
Markmið og úrbætur.....	33
Eldri markmið og hvernig staði var að úrbótum á skólaárinu .....	33
Ný markmið fyrir skólaárið 2020-2021.....	37

## Inngangur

Hér á eftir fer sjálfsmatsskýrsla Fjölbrautaskólans við Ármúla fyrir skólaárið 2019-2020. Það skólaár verður væntanlega lengi í minnum haft vegna áhrifa þeirra sem veirufaraldurinn COVID19 hafði á alla heimsbyggðina og þar með talið skólastarfið í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Mat á skólastarfi fór samt sem áður fram en þó með öðrum hætti á vorönn en stefnt hafði verið að. Skýrslan ber merki þess en þó er leitast við að hafa með í henni sem flesta þætti skólastarfsins til að samanburður milli ára verði áfram auðveldur.

### Vorönn 2020

Eftir hefðbundna haustönn var ekkert sem benti til annars en að vorönnin yrði álíka hefðbundin. Fréttir af veirusýkingum utan úr heimi trufluðu ekki skólastarf og frekar var að menn hefðu áhyggjur af jarðrisi á Reykjanesi. En svo fóru stórir hlutir að gerast. Í febrúar fóru að koma fréttir af miklum veikindum og mannfalli í Kína og eins og hendi væri veifað var kórónaveiran komin til Íslands með viðkomu á evrópskum skíðasvæðum. Í lok ferbrúar fóru erlendir gestir sem væntanlegir voru í skólann að afboða komu sína og aðrir að afþakka heimsóknir. Sömuleiðis var hætt við ýmsa fundi og viðburði innanlands. Loks fór svo að samkomubann var sett á í öllu landinu þann 16. mars og þar með lagðist allt hefðbundið framhaldsskólastarf af og fluttist yfir á Netið.

Þá tók við nýtt og krefjandi tímabil hjá nemendum, kennurum og öllu starfsfólki FÁ. Kennslunni var haldið áfram og má segja að skólinn hafi verið nokkuð vel í stakk búinn til að takast á við breytta tíma þar sem langflestir kennarar nota kennsluumhverfið Moodle daglega og allt námsefnið er meira og minna þar að finna. Að auki fóru margir að nota tækni til að kenna í rauntíma eins og Teams, Zoom og fleira sem og alls konar upptökutækni og forrit sem auðvelduðu þeim að koma efni til nemenda og til að taka við verkefnum frá þeim.

Í stuttu máli sagt þá heppnaðist þetta allt vonum framar og sýndi í hnotskurn hvað mannauður skólans er ríkulegur, bæði hvað varðar starfsmenn og nemendur.



## Um skólann

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hóf starfsemi haustið 1979. Hann var rekinn sem útibú frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti í tvö ár áður en Fjölbrautaskólinn við Ármúla var formlega stofnaður haustið 1981 og fyrstu nemendur útskrifaðir í nafni skólans strax í desember sama ár. Skólinn hefur síðan lengst af verið með fjölmennari skólum í landinu og nú stunda nám við skólann að jafnaði hátt á níunda hundrað dagskólanemendur og enn fleiri fjarnemar. (Sjá kaflann hér á eftir: [Tölulegar upplýsingar](#).)

Nemendahópurinn hefur alltaf verið fjölbreyttur bæði ef litið er til aldurssamsetningar og uppruna. Á fyrstu árum skólans var stór hluti hópsins utan af landi en með fjölgun framhaldsskóla á landsbyggðinni hefur sá hópur minnkað hlutfallslega. Alla tíð hafa nemendur verið á breiðu aldursbili allt frá nýnemum upp í fullorðið fólk sem er að ljúka síðustu áföngum á langri leið. Loks má geta um 10% nemenda skólans er með annað móðurmál en íslensku.

Frá upphafi hefur skólinn lagt áherslu á gagnkvæma virðingu og umhyggju starfsfólks og nemenda sem stuðlað hefur að heilbrigðu og góðu andrúmslofti innan skólans. Hann hefur líka verið framarlega í flokki varðandi nýjungar í kennsluaðferðum, námsefnisgerð, námsmati og fleiru ásamt því að leggja áherslu á heilsueflingu, umhverfismál og sjálfbærni til heilla fyrir einstaklinginn, skólann og samfélagið allt.

Í skólanum eru fjórar hefðbundnar bóknámsbrautir til stúdentsprófs og ein íþróttá- og heilbrigðisbraut sem einnig lýkur með stúdentsprófi. Þar er líka að finna grunnám heilbrigðisgreina, starfsmenntabrautir á heilbrigðissviði og í nýsköpun og listum, viðbótarnám á starfsmenntabrautum til stúdentsprófs, sérnámsbraut og auk þess almenna námsbraut sem er undirbúningur fyrir þá sem uppfylla ekki skilyrði til að vera teknir inn á eiginlegar brautir.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla var með allra fyrstu skólum til að bjóða upp á fjarnám á framhaldsskólastigi. Það var árið 2002 og strax fyrstu önnina voru kenndir 68 áfangar meðfram dagskólakennslu. Áföngunum fjölgaði síðan og fjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur síðustu ár; 80 – 90 áfangar eru kenndir á haust- og vorönn og síðan um það bil helmingi færri á sumrin. Fjöldi fjarnema

sveiflast frá um 700 nemendum á sumarönn upp í um það bil 1200 nemendur á veturna. Kennarar í fjarnámi kenna flestir einnig við dagskólann og er kennsluumhverfið Moodle notað til að halda utan um námið. Algengt er að kennarar dagskólans fylli upp í kennsluhlutfall sitt með því að taka áfanga í fjarkennslu og þannig hefur í einhverjum tilfellum verið hægt að halda í kennara þrátt fyrir tímabundinn samdrátt.

Hér á landi er stór og vaxandi hópur ungmenna sem á sér annað móðurmál en íslensku og mörg þeirra leita hingað þegar að kemur að framhaldsskólanámi. Á haustönn 2019 voru þetta 78 nemendur og á vorönn 2020 voru þeir 86 eða nálægt 10% nemenda. Hér í skólanum hefur þessum hóp verið sinnt sérstaklega; einkum með því að bjóða upp á sérhæfða íslenskuáfanga þar sem íslenskan er kennd sem erlent tungumál en ekki móðurmál eins og hingað til hefur verið venjan. Enn fremur var tekin sú ákvörðun skólaárið 2019/2020 að fá þessum nemendum eigin kennslustjóra sem heldur utan um þeirra mál. Sú tilraun hefur tekist mjög vel og verður haldið áfram. Mikið verk er samt óunnið í þessum málum og stefnt er að því að bæta um betur á næstu önnum.

Við skólann hefur starfað sérnámsbraut, ætluð nemendum með fötlunargreiningu. Þar eru á hverjum tíma um 30 nemendur sem hljóta kennslu og þjálfun í takti við getustig og áhugasvið.

Loks rekur skólinn einnig öflugt fjarnám og hefur verið leiðandi á því sviði síðan það hófst árið 2002.

Í skólastarfinu hefur alla tíð verið lögð áhersla á þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum, t.d. á vegum Erasmus+, Nordplus og uppbyggingarsjóðs EFTA. Verkefnin hafa skilað nýjum áherslum inn í skólastarfið og sem dæmi má nefna sjálfbærnistefnu og stofnun sjálfbærninefndar. Nemendur jafnt sem starfsfólk eru þátttakendur í þessum verkefnum sem víkka sjóndeildarhring þeirra, bæði gagnvart erlendu skólastarfi og erlendum menningarheimum.

Námskrá<sup>1</sup> skólans er á rafrænu formi. Hún var endurskoðuðu og rituð upp á nýtt þegar ný námskrá fyrir framhaldsskóla frá 2011 tók endanlega gildi árið

---

<sup>1</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/>

2015. Kaflarnir í skólanámskránni eru stuttir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmiðin með skólastarfinu. Í hverjum kafla eru tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, hlutamarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun og þróun. Allir áfangar sem kenndir eru í skólanum eru síðan vistaðir í sameiginlegum námskrárgrunni menntamálaráðuneytisins [www.namskra.is](http://www.namskra.is) og þar koma fram þau þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmið sem krafist er í viðkomandi áfanga. Skólanámskrá er síðan tengd þessum grunni og á heimasíðunni er tenging í alla áfanga skólans sem vistaðir eru í grunninum. Með þessum tengslum er hægt að tryggja að skólanámskrá sé alltaf í takti við heildarmarkmið menntamálayfirvelda. Rafræn birting námskrárinnar tryggir auðvelt aðgengi að innihaldinu og hún verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

Hlutverk Fjölbautaskólans við Ármúla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda skólans svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi í samræmi við 2. grein laga um hlutverk framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008. Megináhersla er á grunnþætti menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun. Meginmarkmið skólans er að flétta grunnþættina inn í alla kennslu og þjóna þannig enn betur fjölbreyttum nemendahópi. Skólinn leitast við að efla ábyrgð, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda sinna, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar. Þannig er tryggt að nemendur séu sem best búnir undir frekara nám eða störf úti í samfélaginu.

## Gæðastefna skólans

Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er lögð áhersla á þekkingu, þroska og þróun í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi. Til að stuðla sem best að þessu er stefnt að því að taka upp í áföngum vottað gæðastjórnunarkerfi. Það starf hófst skólaárið 2018-19 þegar fjarnám skólans var vottað samkvæmt ISO:9001 staðli og í lok yfirstandandi skólaárs fékkst áframhaldandi vottun að lokinni viðhaldsúttekt.

Skólaárið 2019-20 var síðan farið í annað vottunarferli en þar var tekin út jafnlaunastefna skólans. Samkvæmt íslenskum lögum er fyrirtækjum og stofnunum skylt að framfylgja jafnlaunastefnu og fá hana vottaða af þar til bærum aðila. Sjá lög um jafnan rétt kynjanna frá 2008<sup>2</sup> með viðbótum frá 2017<sup>3</sup> Vottunarferlinu lauk með úttekt nú á vordögum þar sem niðurstaðan er að jafnlaunakerfi skólans stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85: 2012. Vottunarfyrirtækið iCert sá um úttektina og auk merkis þeirra má skólinn nú nota jafnlaunamerki Jafnréttisstofu á útgefnu efni.



Gæðastjóri skal sinna innra eftirliti og stöðugum umbótum og ber starfandi sjálfsmatsteymi ábyrgð á þeim umbótaverkefnum sem í gangi eru hverju sinni. Sjálfsmatsteymið er skipað tveimur nemendum, þremur kennurum (þar af einum úr heilbrigðisskólanum), fulltrúa stoðdeilda, fulltrúa annarra starfsmanna auk gæðastjóra sem leiðir starfið og er um leið fulltrúi stjórnenda.

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/stjt/2008.010.html>

<sup>3</sup> <https://www.althingi.is/altext/stjt/2017.056.html>



## Gæðamarkmið

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi markmið í gæðastarfi sínu. Þau markmið endurspeglast einnig í Verk- og framkvæmdaáætlun þar sem markmiðin eru tímasett.

1. Allir áfangar sem kenndir eru, jafnt í dagskóla og fjarnámi, skulu fara í kennslumat aðra hvora til þriðju hverja önn.
2. Meta skal alla þjónustu skólans reglulega s.s. ánægju nemenda með mötuneyti, bílastæði, bókasafn o.s.frv.
3. Leita skal allra leiða til að koma í veg fyrir brottfall. M.a. með ráðgjöf til fólks sem metnir eru í brottfallshættu og með því að kanna ástæður brottfalls með forvarnir í huga.
4. Meta skal starfsemi fagdeilda með skýrslum og samtölum við deildir og deildastjóra. Leggja skal áherslu á að styðja við það sem vel er gert og bæta úr þar sem betur má fara.
5. Huga skal vel að umsjón með nýnemum. Umsjónarkennarar þeirra skulu styrktir í starfi og samstarf við heimilin ræktað eins og hægt er.
6. Styðja skal við faglegt starf allra starfsmanna með því að halda skólaráðstefnur með þátttöku fleiri framhaldsskóla annað hvert ár. Hitt árið skulu haldnar ráðstefnur innanhúss með áherslu á jafningjafræðslu kynningar á nýjungum eða annað sem til framfara horfir í skólastarfi.
7. Líðan nemenda skal könnuð reglulega. Mikilvægt er að fá upplýsingar um andlega líðan, vímuefnanotkun, einelti o.s.frv. og leita síðan leiða til úrbóta í samráði við námsráðgjafa og sálfræðing skólans.
8. Framkvæma skal reglulega úttekt á húsnæði skólans og hvernig það nýtist nemendum og starfsfólki.
9. Stefnt skal að því að rekstur skólans sé innan fjárheimilda.
10. Stefnt skal að framhaldi á gæðavottun skólastarfsins og næsta skref skal tekið með áherslu á umhverfismál.

## Verk- og framkvæmdaáætlun 2020-2023<sup>4</sup>

<p><b>Haustönn 2020</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennslukönnun (valdir áfangar)</li> <li>• Starfsmannaviðtöl</li> <li>• Skólafundur</li> <li>• Úttekt á umsjónarkerfi</li> <li>• Þjónustukönnun (frh.)</li> <li>• Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira).</li> </ul>	<p><b>Vorönn 2021</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennslukönnun (valdir áfangar)</li> <li>• Skýrslur þjónustusviða</li> <li>• Starfsmannaviðtöl</li> <li>• Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra</li> <li>• Brotthvarfsgreining</li> <li>• Skólaráðstefna FÁ</li> <li>• Stofnun ársins 2021</li> <li>• Sjálfsmatsskýrsla 2020/2021</li> </ul>
<p><b>Haustönn 2021</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennslukönnun (valdir áfangar)</li> <li>• Starfsmannaviðtöl</li> <li>• Skólafundur</li> <li>• Úttekt á áætlun gegn einelti/lýðheilsustefnu</li> <li>• Þjónustukönnun</li> <li>• Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira).</li> </ul>	<p><b>Vorönn 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennslukönnun (valdir áfangar)</li> <li>• Skýrslur þjónustusviða</li> <li>• Starfsmannaviðtöl</li> <li>• Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra</li> <li>• Brotthvarfsgreining</li> <li>• Skólaráðstefna með þátttöku fleiri framhaldsskóla</li> <li>• Stofnun ársins 2022</li> <li>• Sjálfsmatsskýrsla 2021/2022</li> </ul>
<p><b>Haustönn 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennslukönnun (valdir áfangar)</li> <li>• Starfsmannaviðtöl</li> <li>• Skólafundur</li> <li>• Þjónustukönnun</li> <li>• Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira).</li> </ul>	<p><b>Vorönn 2023</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennslukönnun (valdir áfangar)</li> <li>• Skýrslur þjónustusviða</li> <li>• Starfsmannaviðtöl</li> <li>• Skólaráðstefna FÁ</li> <li>• Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira).</li> </ul>

\*Vorönn 2020 riðlaðist framkvæmdaáætlun vegna Covid19

<sup>4</sup> [Verk- og framkvæmdaáætlun](#)

## Mat á skólastarfinu

Í reglugerð menntamálaráðuneytis frá 24. ágúst 2010 segir að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skulu vera að

1. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
2. tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
3. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
4. auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi.

Innra mati er þannig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs.

Nokkrir fastir punktar innra mats eru þessi sjálfsmatsskýrsla sem er meðal annars byggð á vinnu sjálfsmatsnefndar, kennslumat dagskóla (sem fram fer á hverri önn) og kennslumat fjarnáms sem framkvæmt er á nokkurra anna fresti. Aðrir punktar eru þjónustukannanir til dæmis á þjónustu mötuneytis, þjónustu bókasafns, tækjakosti, aðgengismálum og svo framvegis. Síðast en ekki síst er samantekt gagna úr námsumsjónarkerfinu INNU og rýning þeirra hluti af innra mati og getur gefið góðar upplýsingar um breytingar milli anna og ára.

Tilgangurinn með innra mati er alltaf að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum. Á grundvelli niðurstaðna þessara kannana verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta kynntar, sem og framkvæmd þeirra tillagna.

Í námskrá skólans er [sjálfsmatsstefna](#)<sup>5</sup> skólans skilgreind ásamt krækju í [sjálfsmatssíðu](#)<sup>6</sup> þar sem má m.a. finna skýrslur síðustu ára auk skýrslu um ytra mat (sjá síðar). Gæðastjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur yfirumsjón

<sup>5</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefing-efni/namskra/5.-mat-og-uttekting/5.2.-sjalfsmat/>

<sup>6</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefing-efni/skyrslur-stefnur-og-aaetlanir/sjalfsmat/>

með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. nokkrar annir fram í tímann.

## Innra mat

### Starf sjálfsmatsteymis

Sjálfsmatsteymi skólans var endurvakið á skólaárinu 2017-18 og hefur starfað síðan og á þessu skólaári með nokkurri endurnýjun. Það er sem fyrr skipað átta manns; tveimur nemendum, þremur kennurum (þar af einum úr heilbrigðisskólanum), fulltrúa stoðdeilda, fulltrúa annarra starfsmanna auk gæðastjóra sem leiðir starfið en er um leið fulltrúi stjórnenda.

Sjálfsmatsteymið hélt fyrsta fund skólaársins í lok haustannar. Þar dreifði gæðastjóri endurbættri útgáfu af gátlista<sup>7</sup> til notkunar á fundum teymisins. Listinn er í raun afrit af lista sem gefinn hefur verið út af menntamálaráðuneytinu til notkunar við ytra mat en með einum viðbótarkafla sem fjallaði um fjarnám skólans. Síðan voru tveir fundir samkvæmt áætlun og þar var farið yfir fyrsta þriðjung gátlistans sem fjallar um stjórnun og skipulag og einnig um kennslu og námsframboð. Í útfylltum gátlista<sup>8</sup> er hægt að sjá hvar niðurstöður yfirstandandi skólaárs víkja frá fyrri niðurstöðum. Í flestum liðum var matið samhljóða en eins og fyrr segir komumst við bara yfir þriðjung listans þar sem eiginlegir matsfundir urðu aðeins tveir. Áframhaldandi vinna teymisins við innra mat fór síðan á bið eins og svo margt í skólastarfinu frá og með 16. mars þegar skólum var lokað og sett á samkomubann. Ekki var talin nauðsyn á að funda rafrænt þar sem bæði starfsfólk og nemendur höfðu nóg að gera við að sinna kennslu, ná tókum á fjarfundatækni og skila og fara yfir verkefni.

Í lok vorannar var síðan ákveðið að endurvekja markmið teymisins fyrir þetta skólaár og stefna áfram að þeim á því næsta. Þessi markmið voru/eru:

- að auka stuðning við svokallaða AM nemendur (nemendur með annað móðurmál en íslensku)
- að gera hinsegin nemendum lífið eins auðvelt og hægt er innan skólans

<sup>7</sup> <http://www2.fa.is/~jona/GATLISTI2.pdf>

<sup>8</sup> [http://www2.fa.is/~jona/utfylltur\\_gatlisti\\_v2020.pdf](http://www2.fa.is/~jona/utfylltur_gatlisti_v2020.pdf)

- að vinna að því að bæta ímynd skólans, meðal grunnskólanemenda og foreldra þeirra.
- að kanna líðan og velferð nemenda
- að halda áfram að minnka brottvarf.

Öll þessi atriði koma fram í verk og aðgerðaáætlun nema það sem snýr að því að auðvelda hinsegin nemendum skólalífið. Nauðsynlegt er að leita samstarfs við hinsegin nemendur um hvernig sé best að sækja fram á því sviði.

## Tölulegar upplýsingar

(Tölur haustannar eru frá 16.9.2019 og vorannar frá 27.1.2020)

### Skipting dagskólanemenda á námsbrautir greint eftir kyni.

Braut	Heiti brautar	Haust 2019		Vor 2020	
		kk	kvk	kk	kvk
AN	Almenn námsbraut	52	62	39	47
FÉ15 (FÉ)	Félagsfræðibraut	103	126	93	120
GH15	Grunnnám heilbrigðisgreina	2	13	1	17
HBR15	Heilbrigðisritarabraut	0	10	0	10
HV15 (MB)	Hugvísindabraut (málabraut)	12	21	9	21
ÍHB17	Íþróttá- og heilbrigðisbraut	39	11	37	13
LT15	Lyfjatæknabraut	3	17	2	15
LÆ18	Læknaritariabraut	0	4	0	3
NÁ15	Náttúrufræðibraut	63	42	53	36
NL15	Nýsköpunar- og listabraut	30	23	27	25
NN15	Heilsunuddbraut	18	49	18	42
NST	Námsbraut fyrir sóttþreinsitækna	*	*	*	*
SJ15	Sjúkraliðabraut	2	57	3	54
SJ2/SJ4/SJ5	Framhaldsnám sjúkraliða	*	*	*	*
SJB	Sjúkraliðabrá	0	34	0	29
SN	Sérnámsbraut	20	9	19	10
TT15	Tanntæknabraut	1	25	0	32
VH15	Viðskipta- og hagfræðibraut	37	27	36	22
VSS15	Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	2	1	5
		<b>383</b>	<b>532</b>	<b>338</b>	<b>501</b>

\* ekki í boði þetta skólaár

### Skipting dagskólanemenda eftir tegund náms og kyni.

Tegund námsbrautar	Haust 2019		Vor 2020	
	kk	kvk	kk	kvk
Bóknámsbrautir	308	302	268	276
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	24	196	23	185
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	30	23	27	25
Sérnámsbrautir	20	9	19	10
Viðbótarnám til stúdentsprófs*	1	2	1	5
	<b>383</b>	<b>532</b>	<b>338</b>	<b>501</b>

\*Hér eru bara taldir þeir sem eingöngu eru skráðir í viðbótarnámið og enga aðra braut.

## Skipting dagskólanemenda eftir kyni.

Kyn	Haust 2019	%	Vor 2020	%
KK	383	41,9%	338	40,3%
KVK	532	58,1%	501	59,7%
	<b>915</b>	<b>100,0%</b>	<b>839</b>	<b>100,0%</b>

## Meðalaldur dagskólanemenda (ár).

Meðalaldur bóknám/starfsnám	Haust 2019	Vor 2020
Bóknámsbrautir (og NL-braut)	19,9	20,4
Heilbrigðisbrautir	30,4	30,4
Skólinn sem heild	22,4	22,3

## Dagskólanemendur haustönn 2019 og vorönn 2020 eftir aldri og kyni

Aldur	Haust 2019			Vor 2020		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
<b>15</b>	25	13	38	0	1	1
<b>16</b>	61	45	106	64	42	106
<b>17</b>	44	43	87	34	48	82
<b>18</b>	28	40	68	37	34	71
<b>19</b>	46	56	102	41	48	89
<b>20</b>	40	41	81	37	40	77
<b>21</b>	43	46	89	30	45	75
<b>22</b>	30	43	73	21	32	53
<b>23</b>	11	18	29	21	25	46
<b>24</b>	13	23	36	11	18	29
<b>25</b>	6	18	24	7	12	19
<b>26 og eldri</b>	36	146	172	35	157	192
<b>Alls:</b>	<b>383</b>	<b>532</b>	<b>915</b>	<b>338</b>	<b>502</b>	<b>840</b>

## Fjöldi kenndra dagskólaáfangar á skólaárinu:\*

	Haust 2019	Vor 2020
Kenndir áfangar	176	193

\*Áfangar á sérnámsbraut eru ekki með í þessari tölu

**Fjöldi AM - nemenda (AM = annað móðurmál en íslensku)**

	Haust 2019	Vor 2020
AM -nemendur	78	86
Nemendur alls	915	840
AM nemendur %	8,5%	10,2%

**Skipting dagskóla- og fjarnemenda eftir búsetu (póstnúmeri).**

Póstnúmer		Sumar 2019	Haust 2019		Vor 2020	
		Fjarnám	Dagskóli	Fjarnám	Dagskóli	Fjarnám
101	Reykjavík	38	50	51	49	54
102	Reykjavík	12	14	7	8	6
103	Reykjavík	2	7	6	5	5
104	Reykjavík	28	64	39	50	45
105	Reykjavík	34	97	64	82	66
107	Reykjavík	20	51	30	43	32
108	Reykjavík	28	110	49	103	42
109	Reykjavík	21	42	49	40	51
110	Reykjavík	18	42	74	32	73
111	Reykjavík	19	28	46	31	29
112	Reykjavík	37	36	94	45	81
113	Reykjavík	14	23	27	32	37
116	Reykjavík	4	4	6	3	3
170	Seltjarnarnes	13	21	17	22	15
200-206	Kópavogur	72	103	156	79	164
220, 221	Hafnarfjörður	48	80	91	83	91
210, 225	Garðabær	39	47	37	42	45
230-262	Reykjanes	42	17	82	19	67
270-276	Mosfellsbær	15	23	52	20	54
300-399	Vesturland	34	11	50	10	69
400-499	Vestfirðir	16	3	15	3	10
500-599	Norðurl. vestra	13	8	15	7	19
600-699	Norðurl. eystra	49	5	43	6	36
700-799	Austurland	33	6	20	5	18
800-902	Suðurland	41	20	68	18	69
		<b>690</b>	<b>912</b>	<b>1188</b>	<b>837</b>	<b>1181</b>



**Fjarnemendur sumar- og haustönn 2019 og vorönn 2020 eftir aldri og kyni**

Aldur	SUMAR 19			HAUST 19			VOR 20		
	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls	KK	KVK	Alls
15 og yngri	1	5	6	60	118	178	77	123	200
16	14	14	28	13	15	28	21	23	44
17	25	44	69	14	20	34	15	16	31
18	43	64	107	34	39	73	38	64	102
19	31	44	75	51	50	101	43	40	83
20	34	35	69	42	45	87	35	45	80
21	21	33	54	43	38	81	37	34	71
22	19	25	44	34	35	69	31	31	62
23	15	19	34	30	37	67	30	36	66
24	14	18	32	30	28	58	25	23	48
25	9	7	16	18	20	38	21	23	44
26	11	10	21	20	25	45	14	20	34
27	7	8	15	15	18	33	12	17	29
28	7	10	17	8	21	29	9	20	29
29	11	8	19	14	8	22	9	9	18
30 og eldri	24	69	93	64	207	271	71	194	265
	<b>286</b>	<b>413</b>	<b>699</b>	<b>490</b>	<b>724</b>	<b>1214</b>	<b>488</b>	<b>718</b>	<b>1206</b>

**Fjöldi kenndra fjarnámsáfanga, fjöldi nemenda og eininga á skólaárinu**

	Sumar 2019	Haust 2019	Vor 2020
Fjöldi áfanga	42	79	85
Skráðir nemendur	699	1214	1206
Skráðar einingar alls	6750	11589	11283
þreyttar einingar alls*	4320	7361	8212
þreyttar einingar sem hlutfall af skráðum	64,0%	63,5%	72,8%

\*Sá fjöldi eininga sem nemendur luku með prófi (burtséð frá árangri)

## Kennslumat í dagskóla

Kennslumatið var að venju framkvæmt í INNU en að þessu sinni einungis á haustönninni. Sviðsstjóri gerði sem fyrr tillögur um hvaða áfanga skyldi meta og sendi listann á deildastjóra og kennslustjóra og bað þá um að bera hann undir sína kennara. Nokkrar athugasemdir bárust og var tekið tillit til þeirra eftir því sem hægt var. Áfram verður reynt að meta alla áfanga aðra eða þriðju hverja önn auk þess að meta nýja eða breytta áfanga. Niðurstöður kennslumats<sup>9</sup> eru á heimasíðu skólans og þær er hægt að skoða margar annir aftur í tímann.

Kennslumat á haustönn 2019<sup>10</sup> fór síðan fram 11. - 22. nóvember og alls voru metnir 78 mismunandi áfangar. Svarhlutfall var um 52% að þessu sinni sem er nokkru minna en á síðustu vorönn þegar það fór í 59%. Ljóst er að gera þarf átak í að virkja nemendur til þátttöku í kennslumati á komandi önnum og halda því á lofti að spurningum hefur verið fækkað til að koma til móts við nemendur sem kvörtuðu áður yfir löngum spurningalista.

Niðurstöður kennslumatsins hverju sinni eru birtar kennurum í INNU þegar heildarniðurstöður liggja fyrir. Í hópum þar sem 5 eða færri nemendur svara eru niðurstöður þó ekki birtar. Deildastjórar og kennslustjórar fá einnig að sjá hvernig kennarar á þeirra brautum koma út úr matinu til að geta rætt við þá um hvaða lærdóma megi draga af niðurstöðum. Síðast en ekki síst er kennslumat hugsað sem innlegg í starfsmannasamtöl sem skólameistari og aðstoðarskólmeistari eiga við undirmenn sína með reglulegu millibili.

Í kennslumati skiptast spurningar í þrjá flokka; einn snýr að áfanganum, annar að kennslunni og kennaranum og í þeim þriðja leggur nemandinn mat á eigin frammistöðu í áfanganum. Lítil munur er á meðaltölum í einstökum flokkum milli anna samanber eftirfarandi töflu sem sýnir meðaltal í hverjum flokki þrjár síðustu annir. Þó er athyglisvert að nemendur meta nám sitt og frammistöðu lægra nú á haustönn en síðustu annir.

---

<sup>9</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefing-efni/skyrslur-stefnur-og-aaetlanir/sjalfsmat/kennslumat-dagskolans/>

<sup>10</sup> <http://www2.fa.is/stjornsysla/kennslumat/kennslumath19.pdf>

	<b>Haust 2018</b>	<b>Vor 2019</b>	<b>Haust 2019</b>
<b>Leggðu mat á áfangann</b>	3,5	3,4	3,4
<b>Leggðu mat á kennsluna í áfanganum</b>	3,6	3,5	3,4
<b>Leggðu mat á námið þitt í áfanganum</b>	3,4	3,4	3,2
<b>Hvaða einkunn gefurðu kennaranum</b>	8,40	8,44	8,46

Loks gáfu nemendur kennurum sínum einkunn á bilinu frá 1 og upp í 10. Meðaleinkunn allra kennara var 8,46 á haustönn 2019 sem er í takt við einkunnir á liðnum önnum sem voru 8,40 (haust 2018) og 8,44 (vor 2019).

Til viðbótar við spurningalistana gafst nemendum tækifæri á að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við þeim spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

### **Kennslumat fjarnáms**

Á þessu skólaári var ákveðið að framkvæma kennslumat í fjarnámi. Síðast var kennslumat lagt fyrir fjarnámsnemendur á vorönn 2016 og var því kominn tími á nýtt mat og ríflega það en í gæðamarkmiðum segir að stefnt skuli að því að meta alla áfanga á tveggja til þriggja anna fresti, jafnt í dagskóla og fjarnámi.

Kennslumatið var lagt fyrir alla fjarnemendur skólans dagana 27. nóvember til 7. desember 2019. Þetta var síðasta kennsluvika fjarnámsannarinnar og valin í þeirri von að nemendur sem á annað borð væru virkir í náminu væru tilbúnir að svara slíku mati á þessum tímamarki. Því miður var svörunin undir væntingum en aðeins bærust 346 svör við 2325 útsendum listum (heildartala skráninga í fjarnáminu). Bent skal á að nemendafjöldinn er ekki 2325 heldur lægri því margir nemendur eru skráðir í fleiri en einn áfanga. Þetta er ekki nema 14,9% þátttaka og nauðsynlegt að leita leiða til að auka svörun næst þegar kennslumat verður lagt fyrir.

Matið var lagt fyrir í INNU eins og kennslumat dagskólans. Hugsanlega getur það verið skýring á lágu svarhlutfalli því fjarnemendur fara síður inn í INNU en dagskólanemendur og hætta á að einhverjir sleppi þess vegna að svara.

Niðurstöður voru mjög ásættanlegar fyrir fjarnámið sem heild og gaman að segja frá því að hæstu einkunn fékk fullyrðingin: „Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur“ en 85% svarenda voru mjög eða frekar sammála henni. Aðrar spurningar fylgdu fast á eftir og hægt er að skoða matið nánar á Kennslumat fjarnáms<sup>11</sup> á heimasíðu skólans. Nemendum gafst kostur á að segja hug sinn í opnum spurningum í lok matsins og notfærðu margir sér að segja kost og löst á áföngunum og kennslunni.

Niðurstöður matsins voru sendar kennurum og fjarnámstjóra og notaðar sem grunnur að starfsmannasamtölum á sama hátt og gert er í dagskólanum.

### **Mat á innihaldi fjarnámsáfanganna**

Skólaárið 2018-19 fór fjarnám skólans í gegnum vottunarferli eins og áður hefur komið fram. Í framhaldi af því var ákveðið að þörf væri á að meta innihald fjarnámsáfanganna. Farin var sú leið að fá óháðan aðila innan skólans til að skoða alla áfanga með tilliti til innhalds, uppsetningar og annara atriða sem máli skipta. Kennurum var sendur listi (sjá Gátlisti fjarnáms<sup>12</sup>) þar sem þeim var bent á hvað fyrirhugað væri að skoða og á grunni hans var útbúinn gátlisti sem notaður var við verkið. Í kjölfarið fengu kennarar niðurstöður sendar fyrir eigin áfanga með ábendingum til úrbóta. Fjarnámstjóri fylgdist síðan með því að lagfæringar væru gerðar þar sem þeirra var þörf.

Ákveðið hefur verið að framkvæma aftur samskonar yfirferð á næsta skólaári og síðan eins oft og þurfa þykir.

### **Viðhaldsúttekt á gæðavottun fjarnáms – rýni stjórnenda**

Í tengslum við viðhaldsúttekt á gæðavottun fjarnáms þá fóru stjórnendur skólans (skólameistari og aðstoðarskólameistari) yfir það á rýnifundi hvernig gæðahandbókin hefur verið notuð þetta fyrsta ár og hver reynslan er af notkun hennar. Niðurstöður þeirra fara í aðalatriðum hér á eftir. Enn skal minnt á að vorönnin var ekki alveg sambærileg við aðrar vorannir vegna veirufaraldurs, þó

<sup>11</sup> [http://www2.fa.is/stjornsysla/kennslumat/fjar\\_haust2019.pdf](http://www2.fa.is/stjornsysla/kennslumat/fjar_haust2019.pdf)

<sup>12</sup> [http://www2.fa.is/~jona/gatlisti\\_fjarnams.pdf](http://www2.fa.is/~jona/gatlisti_fjarnams.pdf)

að fjarnámið hafi vissulega að mestu sloppið við aðgerðir aðrar en þær sem fylgdu breyttu prófafyrirkomulagi í annarlok.

**Úttektir:** Að mati stjórnenda hefur úttektaráætlun fyrra árs gengið eftir. Bent er á að mikilvægt er að framkvæma á næstu haustönn þær úttektir sem ekki var hægt að framkvæma nú á vorönn vegna aðstæðna. Úttektir hafa skilað tilætluðum árangri að mati stjórnenda, einkum innra mat fjarnámsáfanga en að því loknu varð strax sjáanleg breyting á mörgum áföngum.

**Úrbótaatriði:** Stjórnendur telja fjölda úrbótaatriða ekki of mikinn og að úrbótaatriði hafi verið afgreidd skv. því sem kveðið er á um í gæðahandbók.

**Niðurstöður gæðamælinga:** Niðurstöður úr kennslumati fjarnáms, innra mat á fjarnámsáföngum ásamt tölulegum gögnum sjá (tölulegar upplýsingar) styður allt þá skoðun stjórnenda að fjarnámið standist helstu gæðakröfur sem settar eru í Gæðahandbók fjarnáms og unnið er eftir.

**Kvartanir og úrbætur:** Fjarnámstjóri upplýsir að ekki sé mikið um að kvartanir berist, en að þær sem bárust hafi verið afgreiddar á viðunandi hátt. Að yfirferð lokinni voru stjórnendur sammála því mati og benda á mikilvægi þess að halda áfram vandaða skrá yfir allar kvartanir og hvernig brugðist er við þeim.

**Gæðamarkmið og gæðastefna:** Stjórnendur óskuðu eftir því að lögð yrði áhersla á að reyna að fjölga þátttakendum í kennslukönnun og bætt yrði inn spurningum er varða þá þjónustu sem veitt er utan kennslunnar (s.s. námsráðgjöf, tæknilega aðstoð o.s.frv). Einnig yrði leitað leiða til þess að fjölga þeim nemendum sem ljúka sínum fjarnámsáföngum.

**Heildarmat á gæðahandbókinni:** Niðurstaða þessa rýnifundar stjórnenda er þeir telja

- að fjarnám skólans á liðnu skólaári hafi í öllum aðalatriðum fylgt gæðahandbókinni,
- að gæðahandbókin hafi sannað gildi sitt og
- að fjarnámið uppfylli kröfur gæðastaðalsins ISO 9001.

### **Brotthvarf**

Hátt hlutfall nemenda hættir námi eða skiptir um skóla á hverri önn og fylgir því breyting á nemendahópi og röskun á skólastarfi. Markmið skólans er að minnka brotthvarf nemenda og til þess þarf að komast að því hvaða skýringar liggja að baki. Hringt er í nemendur sem hætta námi og þeir spurði hvers vegna þeir kusu að hætta og svör þeirra skráð. Niðurstöður eru síðan notaðar til að greina ástæður brotthvarfs. Náms- og starfsráðgjafar hafa séð um að afla þessara gagna og þrátt fyrir að gagnaöflun hafi legið niðri nú í vor er brýn nauðsyn að halda þessari vinnu áfram og verður stefnt að því á næsta skólaári.

### **Sálfræðiþjónusta**

Margir framhaldsskólar hafa á liðnum önnum tekið sálfræðinga í sína þjónustu til að aðstoða nemendur í vanda. Á liðnu skólaári var metið svo að full þörf væri á slíkri þjónustu í FÁ og því verður ráðinn til starfa sálfræðingur í hálfstarf frá og með komandi hausti.

### **Félagslíf nemenda**

Félagslífið eða skortur á félagslífi er oft nefnt þegar spurt er af hverju skólinn hafi ekki nægjanlegt aðdráttarafl fyrir yngri nemendur. Skólaárið 2018-19 hófst því stóratök í því að styðja við breytt og öflugra félagslíf og því starfi var fram haldið á þessu skólaári. Margskonar klúbbar og hópar störfuðu undir styrkri leiðsögn félagsmálafulltrúans en hápunktarnir voru tveir: Annar vegar glæsileg frammistaða nemenda skólans í spurningaþætti sjónvarpsins; Gettu betur. Þar komust keppendur skólans alla leið í undanúrslit þar sem þau töpuðu naumlega og luku því keppni með miklum sóma. Hinn hápunkturinn var glæsileg árshátíð sem nemendafélagið hélt í lok febrúar. Hún hófst með borðhaldi hér í skólanum þar sem um 100 nemendur snæddu glæsilega máltíð meðan starfsfólk skólans gekk um beina. Í framhaldinu var síðan árshátíðardansleikur í samstarfi við Fjölbautaskólann í Breiðholti og Tækniskólann á veitingastaðnum Spot og fór sá hluti líka mjög vel fram að mati allra viðstaddra.

### Umhverfismál

Skólinn fékk árið 2006 fyrstur framhaldsskóla á Íslandi Grænfána Landverndar<sup>13</sup> sem viðurkenningu fyrir störf sín að umhverfismálum. Grænfáninn er veittur til tveggja ára í senn og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólinn heldur áfram góðu starfi. Næsta endurnýju er áætluð í lok árs 2020 og þegar þetta er skrifað eru góðar horfur á að skólinn haldi fánanum.

Á þessu skólaári náðist síðan enn einn áfanginn í umhverfismálum þegar skólinn fékk viðurkenningu fyrir fyrsta Græna skrefið af alls sex skrefum sem eru ætluð fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna.

### Heilsueflandi framhaldsskóli

Árið 2011 gerðist skólinn þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli<sup>14</sup>. Hann hefur sömuleiðis sett sér lýðheilsustefnu<sup>15</sup>



og tekið þátt í ýmsum verkefnum sem stuðla að bættri heilsu. Á þessu skólaári tókst skólanum að vinna Lífshlaupið í flokki framhaldsskóla með 400-999 nemendur. Það er ekki í fyrsta skiptið og að sjálfsgöðu verður stefnt að því að halda titlinum að ári. Skólayfirvöld hafa stutt vel við þátttöku nemenda meðal annars með því að bjóða öllum nemendum á skauta í upphafi Lífshlaupsins. Það er gert til að fá nemendur til að hreyfa sig og til þeir fá i að kynnast skautaiþróttinni en um leið er það hópefli, ekki síst fyrir nýja nemendur.

Til að stuðla að hollri næringu hefur skólinn margar síðustu annir boðið bæði nemendum og kennurum ókeypis hafragraut í morgunverð. Nýtur þetta mikilla vinsælda hjá nemendum og eru margir sem þarna fá holla byrjun á skóladeginum. Krúska, sem sér um mötuneyti skólans, sýður grautinn og er hann sem fyrr segir nemendum að kostnaðarlausu.

Loks var tekið stórt skref í heilsueflingu starfsmanna þegar ákveðið var á að greiða íþróttastyrk að upphæð 15.000 kr. á hvern starfsmann gegn framvísun

<sup>13</sup> <https://verkfaerakista.landvernd.is/Verkefnakista>

<sup>14</sup> [http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12345/Heilsueflandi\\_framhaldsskoli](http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12345/Heilsueflandi_framhaldsskoli)

<sup>15</sup> <https://www.fa.is/skolinn/utgefing-efni/namskra/3.-starfsemi/3.8.-lydheilsustefna/>

reikninga. Greiðslur miðast við almanaksárið og var um þriðjungur starfsmanna þegar búinn að nýta sér hann þegar skólinn og líkamsræktarstöðvar lokuðust. Vonir standa til að fleiri nýti sér þetta á haustönninni.

### Stefnur og áætlanir

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu stefnur og áætlanir sem eru í gildi í skólanum. Þessar stefnur/áætlanir eru í stöðugri endurskoðun og leitast er við að uppfæra þær á heimasíðu jafnóðum og breytingar eru gerðar.

### Áætlun gegn einelti

Í stórum stofnunum geta af og til komið upp mál sem tengjast einelti. Skólinn hefur því tilbúna áætlun um það hvernig bregðast skuli við slíkum málum og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans: Eineltisáætlun<sup>16</sup>. Hún var uppfærð á skólaárinu og verður áfram í stöðugri endurskoðun. Sömuleiðis er á heimasíðunni tengill þar sem hver sem er getur tilkynnt einelti eða sent ábendingar um það með einföldum hætti: Tilkynna einelti<sup>17</sup>. Á liðnu skólaári voru engin skráð eineltistilfelli og er það annað árið í röð sem það gerist.

### Fjölmenningarstefna

Skólinn hefur sett sér fjölmenningarstefnu<sup>18</sup> og fjölmenningaráætlun<sup>19</sup>. Stefna skólans er að móta jákvæð viðhorf til fjölmenningar, jafnt meðal kennara sem nemenda, svo að sérhver nemandi fá notið sín á sínum forsendum.

### Umhverfis- og samgöngustefna

Skólinn rekur metnaðarfulla umhverfis- og samgöngustefnu<sup>20</sup>. Umhverfisnefnd hefur verið starfrækt í skólanum allt frá vordögum 2005 ásamt sérstöku umhverfisráði nemenda sem starfar af krafti allar annir. Skólinn hlaut Grænfánann í sjöunda skipti 2018 á þessu ári viðurkenningu fyrir að hafa lokið fyrsta græna skrefinu sem ætluð eru ríkisstofnunum sem vilja umhverfinu vel.

<sup>16</sup> <https://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.9.-eineltisstefna/3.9.1.-eineltisaetlun/>

<sup>17</sup> <https://www.fa.is/thjonusta/sendabendingu--tilkynna-einelti/>

<sup>18</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.12.-fjolmenningarstefna/>

<sup>19</sup> <http://www.fa.is/thjonusta/nemendathjonusta/stodkerfi-fyrir-erlenda-nemendur/deilimarkmid/>

<sup>20</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.11.-umhverfis-og-samgongustefna/>



Frá haustönn 2015 hefur starfsmönnum verið boðið að gera samgöngusamning við skólann og sækja um samgöngustyrk að upphæð 30.000 kr. og var hann á þessu skólaári var veittur 32 starfsmönnum sem er aukning frá síðasta vetri en þá fengu hann 25 starfsmenn. Skólinn leitast ekki síður við að hvetja nemendur til að nota vistvæna samgönguhætti m.a. með því að veita þeim einingar fyrir að hjóla eða ganga í skólann, auk þess að selja aðgang að bílastæðum skólans. Á vorönn 2018 var síðan komið fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla á bílastæðum skólans og nú geta fjórir bílar verið þar í hleðslu á hverjum tíma. Sú aðstaða er mikið notuð og er óblandin ánægja meðal rafbílaeigenda með það framtak.

### **Jafnréttisstefna**

Á liðnu skólaári fór fram viðamikil endurskoðun á jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun skólans í tengslum við vinnu við jafnlaunavottun sem fyrr hefur verið nefnd. Samkvæmt 18. grein jafnréttislaga skal áætlunin síðan endurskoðuð á þriggja ára fresti og skal jafnréttisfulltrúi ásamt jafnréttisnefnd hafa umsjón með endurskoðun og framkvæmd, meta stöðu aðgerða og kynna árlega á starfsmannafundi.

### **Lýðheilsustefna**

Skólinn hefur sett sér lýðheilsustefnu<sup>21</sup> og tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli eins og áður segir. Markmiðið er að hafa áhrif á viðhorf og tilfinningu nemenda fyrir heilbrigðu lífi.

### **Sjálfbærnistefna**

Skólinn hefur sett sér sjálfbærnistefnu<sup>22</sup> og innan hans starfar sjálfbærninefnd sem hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir í öllum þáttum skólastarfs. Nefndin gerir aðgerðaáætlun til eins árs og er hún aðgengileg á sjálfbærnisíðu<sup>23</sup> skólans.

---

<sup>21</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.8.-lydheilsustefna/>

<sup>22</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.13.-sjalubaernistefna/>

<sup>23</sup> <https://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/skyrslur-stefnur-og-aaetlanir/sjalubaernistefna/>

### Sjálfsmatsstefna

Skólinn hefur sett sér sjálfsmatsstefnu<sup>24</sup> og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Á sjálfsmatssíðu má finna verkáætlun, sjálfsmatsskýrslur síðustu ára og niðurstöður ytra mats.

**Stoðkerfi fyrir nemendur með námserfiðleika** er ætlað að styðja við nemendur með lestrar- og skriftarörðuleika, stærðfræðiröskun eða skipulags-, áttunar- og tímaskynserfiðleika. Upplýsingar er að finna á stoðsíðunni<sup>25</sup>.

**Bókasafnið** er vel staðsett miðsvæðis í húsnæði skólans og er vel búið bókum, tímaritum, myndefni og öðrum safnkosti sem tengist skólastarfi. Þar er gott næði til vinnu og náms fyrir um 50 manns. Við safnið starfa tveir bókasafnsfræðingar í einu og hálfu stöðugildi. Meiri upplýsingar er að finna í ársskýrslu bókasafns<sup>26</sup>. Hugmyndir eru uppi um að tengja heimanámsaðstoð þá sem nú er veitt í Setrinu við starfsemi bókasafnsins á næsta skólaári. Á þessu ári voru keypt ný húsgögn á bókasafnið; stólar og hringborð sem henta sérlega vel þegar nemendur eru að vinna að sameiginlegum verkefnum.

### Erlent samstarf

Skólinn hefur á liðnum árum verið í viðamiklum samskiptum við skóla víða í Evrópu. Þar er veigamest starfsemi á vegum Erasmus+ sem skiptist KA2 (Strategic Partnerships) og KA1 (Vocational Education and Training/Learning Mobility of Individuals) auk verkefna á vegum Nordplus. Hér á eftir fer yfirlit yfir þau verkefni sem voru í gangi þetta skólaár.

- *Yes Europe II* er verkefni sem hófst 2019 og hélt áfram á þessu skólaári. Þátttökulönd eru auk Íslands, Þýskaland, Grikkland, Ítalía og Slóvenía. Tveir kennarar og fimm nemendur fóru til Slóveníu á haustönn en fyrirhuguð ferð til Þýskalands í mars féll niður.

<sup>24</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/5.-mat-og-uttektir/5.2.-sjalfsmat/>

<sup>25</sup> <http://www.fa.is/thjonusta/nemendathjonusta/stodkerfi-fyrir-nemendur-med-namserfidleika/>

<sup>26</sup> <http://www.fa.is/thjonusta/bokasafn/>

- *The Entrepreneurs of the Future* er verkefni í samstarfi við skóla í Svíþjóð, Póllandi, Finnlandi, Þýskalandi og Portúgal. Á vegum þess fóru tveir kennarar og sex nemendur til Finnlands í október en stór hópur gesta frá öllum þátttökulöndunum varð hins vegar að hætta við komu sína sem fyrirhugað var í lok mars. Þeir eru væntanlegir í haust í staðinn en áætlað er að verkefninu ljúki á vorönn 2021
- *Tourism challenge for sustainable development* er nýtt eins árs verkefni sem fór í gang á þessu ári í samvinnu við skóla í Svíþjóð. Við sendum tvo kennara og 15 nemendur til Svíþjóðar og þeir sluppu heim rétt fyrir samkomubann og sóttkví. Svíarnir ætluðu síðan að endurgjalda heimsóknina og voru væntanlegir á vordögum en koma í haust í staðinn.
- *Hvordan nordisk ledelse* er könnun á norrænum stjórnunarstíl á vegum Nordplus. Fjarnám skólans tekur þátt í ásamt Dönum, Færeyjum og Norðmönnum. Haldinn var einn fundur í Fæeyjum í október og sóttu hann tveir fulltrúar héðan. Fyrirhugaður var síðan annar fundur í Reykjavík um miðjan mars sem féll niður.
- *New tendencies in economy and entrepreneurship* er verkefni frá 2018 sem hófst á þessu skólaári með stórum fundi hér í Reykjavík. Alls komu 30 nemendur og 12 kennarar. Því var svo framhaldið á vorönn með því að tveir kennarar og fimm nemendur fóru til Lettlands á byrjun mars. Óvíst er um framhald þess verkefnis á næsta ári þar sem umsjónarmaður þess hefur hætt störfum við skólann og tekur verkefnið að líkindum með sér á nýjan vinnustað.

Fyrirhugað var að skólinn nýtti Erasmus+KA1 styrki til starfsmenntunar fyrir nemendur á heilbrigðisbrautum en ekkert varð af því vegna aðstæðna og einn nemandi nýsköpunar- og listabrautar gat heldur ekki nýtt veittan starfsmenntastyrk.

Að lokum má geta þess að skólinn tekur árlega á móti fjölmörgum gestum sem vilja kynna sér skólastarfið. Á haustönn komu gestir frá Spáni, Hollandi og Frakklandi en heimsóknir vorannar sem voru fyrirhugaðar, m.a. frá Finnlandi, Frakklandi og Færeyjum, féllu allar niður.

## Ytra mat

### Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með því að framhaldsskólar uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir og aðalnámskrá framhaldsskóla kveða á um. Slík úttekt var gerð á skólanum skólaárið 2010 – 2011 og síðan aftur á vorönn 2017. Niðurstöður síðustu úttektar<sup>27</sup> (2017) eru í heild sinni á heimasíðu skólans.

### Stofnun ársins 2020


Enn og aftur tók skólinn þátt í könnuninni „Stofnun ársins“ og var framkvæmdin með hefðbundnu sniði. Í úrtakinu voru um 27.983 manns hjá rúmlega 200 stofnunum og var svarhlutfallið í heild 43% sem er þó nokkur lækkun frá fyrra ári þegar heildarþátttaka var 48%. Þátttakan í Fjölbrautaskólanum við Ármúla heldur hins vegar áfram að vaxa, var að þessu sinni 88% meðan svarhlutfall var 81% í síðustu könnun og 67% árið þar á undan.

Kannaðir voru sem fyrr níu þættir: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.

Hér á eftir fer mynd sem sýnir hvernig skólinn skorar á öllum níu þáttum könnunarinnar. Einkunnaskali er frá 1 upp í 5 þar sem gildið 5 gefur til kynna mestu ánægju eða jákvæðustu afstöðu með viðkomandi þátt í starfsumhverfi stofnunar en gildið 1 gefur til kynna mestu óánægju eða neikvæðustu afstöðuna.

---


<sup>27</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/skyrslur-stefnur-og-aaetlanir/sjalfsmat/ytra-mat/>



Tölur í sviga sýna mun á meðaltal stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs.



Hér lækka flestar tölur aðeins en þó eru þetta mjög óverulegar breytingar frá fyrra ári. Benda má á að enn eru það sömu liðir og áður sem fá lágsta meðaleinkunn eða þeir liðir sem mæla ánægju með launakjör og sveigjanleika vinnu. Það er ekki mikið sem skólinn getur gert til að bregðast við því þar sem skólaárið er afmarkað í reglugerð og launin ákveðin með kjarasamningum en að sjálfsögðu verður þetta rýnt af stjórnendum með úrbætur í huga eins og allar aðrar niðurstöður.

Næsta mynd sýnir síðan hvernig skólinn kemur út í samanburði við aðra. Hér er hann borinn saman við aðra framhaldsskóla og háskóla annars vegar og hins vegar allar stofnanir í sama stærðarflokki:



Hér skorar skólinn hærra en aðrir á öllum þáttum nema sveigjanleika vinnu. Þar vekur athygli nokkuð lægra skor en hjá öðrum framhaldsskólum sem búa við flestir við samskonar starfsumhverfi hvað þetta varðar.

Loks eru hér myndir sem sýna fimm hæstu og lægstu einkunnir skólans í samanburði við aðrar stofnanir í sama stærðarflokki:



Fimm hæstu einkunnir stofnunarinnar bera sem fyrr vott um starfsánægju og þann góða starfsanda sem ríkir í FÁ. Hinsvegar kemur sem fyrr í ljós óánægja starfsmanna með að geta ekki tekið frí þegar það hentar.

Ítarleg greining<sup>28</sup> á svörum fyrir Fjölbrautaskólann við Ármúla er á heimasíðu skólans og allar niðurstöður starfsánægjumats<sup>29</sup> frá og með árinu 2011 er líka að finna þar.

Hér er vert að rifja upp að skólinn náði þeim frábæra árangri í fyrra að verða í þriðja sæti í flokki stofnana með 50 starfsmenn og fleiri. Það gaf skólanum rétt til að kallast Fyrirmyndarstofnun 2019 og nota þetta merki því til sönnunar í kynningarefni og bréfum skólans:



Því hafði skólinn titil að verja og var nokkur spenningur innanhúss þegar líða fór að lokum könnunarinnar. Vegna samkomutakmarkanna hefur hins vegar ekki verið haldin kynningarfundur um heildarniðurstöðurnar sem venjulega er haldinn á vorin. Það kemur því ekki í ljós fyrr en í október hvort skólinn heldur þriðja sætinu og fær áfram að kalla sig fyrirmyndarstofnun.

---

<sup>28</sup> [http://www2.fa.is/stjornsysla/sjalfsmat/starfsanaegjumat/stofnun\\_arsins\\_2018.pdf](http://www2.fa.is/stjornsysla/sjalfsmat/starfsanaegjumat/stofnun_arsins_2018.pdf)

<sup>29</sup> <http://www.fa.is/skolinn/utgefing-efni/skyrslur-stefnur-og-aetlanir/sjalfsmat/starfsanaegjumat/>



## Markmið og úrbætur

### Eldri markmið og hvernig staði var að úrbótum á skólaárinu

Hér á eftir fara markmið úr síðustu sjálfsmatsskýrslu 2018/2019 og tilgreint hvernig tekist hefur að ná þessum markmiðum.

#### Líðan nemenda og starfsmanna

1. Stefnt skal að því að auðvelda hinsegin nemendum dvölinna í skólanum eftir því sem hægt er.  
*Skólinn hefur alltaf reynt að koma til móts við þennan hóp. Ávallt hefur verið tekið vel í beiðnir frá nemendum um nafnabreytingar og sýndur skilningur á slíkum óskum jafnvel áður en þær ganga í gegn í þjóðskrá.*
2. Raddir allra þurfa að heyrast í skólastarfinu.  
*Skólafundur með þátttöku nemenda og starfsmanna var haldinn á haustönninni þann 15. október, en slíkur fundur skal haldinn árlega skv. 9. grein laga um framhaldsskóla frá árinu 2008. Þar spunnust miklar umræður um margvíslegustu mál. Niðurstöður voru síðan sendar skólameistara sem vann úr þeim og setti út í lífið eftir því sem tilefni gafst.*
3. Huga þarf að kennslumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í skólastofunni.  
*Í byrjun haustannar var tekin í notkun nýinnréttuð kennslustofa á þriðju hæð í miðálmunni ætluð fyrir félagsgreinar. Þar hafði hefðbundnum skólahúsgögnum verið skipt út fyrir sófa og hægindastóla og síðan var púðum, teppum og lömpum smekklega komið fyrir í rýminu. Í fáum orðum sagt sló þetta í gegn meðal nemenda og kennara og var umtalað hversu góður andi væri í stofunni eftir breytingarnar.*

#### Þjónusta skólans

1. Áfram skal unnið að því að auka þjónustu við nemendur með annað tungumál en íslensku.  
*Þessi mál eru í farvegi. Sem dæmi má nefna að á liðnu ári var bætt við*

*áfanga í íslensku talmáli fyrir AM nemendur þannig að hægt væri að getuskipta nemendum, öllum til gagns. Sömuleiðis var töflugerð hagað þannig að tveir fyrstu áfangar í ÍSAN voru í sama stökk þannig að hægt var að flytja nemendur á milli ef þeir höfðu raðast rangt miðað við getu.*

2. Framkvæma skal fleiri þjónustukannanir.

*Á haustönn var gerð þjónustukönnun þar sem spurt var um náms- og starfsráðgjöfina, umsjónarkerfið, mótuneytið og heimanámsaðstoð nemenda; Setrið. Fyrirhugað var að framkvæma aðra könnun á vorönn en eins og ýmislegt annað var það sett á ís.*

3. Stefnt skal að því að rita gæðahandbók fyrir allan skólann og í framhaldi af því sækja um gæðavottun.

*Á þessu skólaári var unnin mikil vinna að jafnlaunavottun sem lauk með því að skólinn státar nú af gæðavottuðu jafnlaunakerfi. Enn fremur fór fram viðhaldsúttekt á gæðakerfi fjarnáms sem er forsenda þess að skólinn haldi gæðastimplinum. Þegar þetta er ritað er það mál í ferli sem vonandi lýkur með framhaldsvottun.*

4. Allar upplýsingar um námsstöðu nemenda og viðveru þeirra skulu liggja fyrir í INNU á hverjum tíma.

*Ekki tókst að fá alla kennara til að nota INNU með virkum hætti til skráninga á þessu ári en þó fjölgar þeim alltaf sem sjá nauðsyn þess að nota INNU til að miðla þessum upplýsingum. Áfram þarf þó að vinna í þessum málum á næstu önn.*

5. Efla skal umsjónarkerfi skólans, einkum þann hluta sem snýr að yngri nemendum.

*Stórt skref var stigið í þessu máli á liðnu skólaári. Ráðnir voru sex sérstakir umsjónarkennarar sem hver um sig tók við einum nýnemahóp. Þeir hittust vikulega og síðan var hópurinn líka saman í lífsleikniáfangu aðra tvo tíma fyrstu námsönnina. Með þessum sameiginlegu tímum tókst að mynda samheldna hópa og var mikil ánægja með fyrirkomulagið meðal nemenda, foreldra og kennara.*

6. Auðvelda skal forráðamönnum nemenda undir sjálfræðisaldri að tilkynna veikindi barna sinna.  
*Þetta var gert og heppnaðist mjög vel.*
7. Efla skal þjónustu „Setursins“.  
*Setrið er heimanámsaðstoð nemenda og brýnt er að auka nýtingu þess. Því miður tókst það ekki sem skyldi á árinu en þeir sem sækja sér aðstoð eru yfirleitt mjög ánægðir (sbr. þjónustukönnun haustannar).*

## Kennslumál

1. Unnið skal að því að bæta svörun í kennslumati.  
*Svörun í kennslumati haustannar var svipuð og haustið 2018 en lægri en á vorönn 2019. Eins og fyrr hefur komið fram var engin könnun framkvæmd á vorönn þannig að samanburð milli voranna vantar.*
2. Skólinn haldi áfram á þeirri leið að bjóða nemendum sínum fjölbreytt námsmat.  
*Sífelld fleiri áfangar eru kenndir þannig að námsmatið fer fram yfir alla önnina í stað þess að nemendur séu aðeins metnir með prófi í lok annar. Á vorönn varð mikil aukning á þessu þegar samkomubann kom með öllu í veg fyrir hefðbundin lokapróf og allir áfangar voru prófaðir í gegnum tölvu og án sérstakrar próftöflu heldur var notast við tíma í stundatöflu fyrir prófin. Um leið var ákveðið að engin próf skyldu veða þyngra en 30%. Almenn tókst þetta vel og í framhaldinu var rætt innan starfsmannahópsins hvort þetta væri eitthvað sem væri ástæða til að reyna aftur á venjulegri önn; það er að segja að nota stundatöfluna fyrir öll próf þó að þau yrðu haldin í skólanum en ekki á neti eins og Covid-prófin.*
3. Leita skal leiða til að minnka fall í byrjunaráföngum í kjarnagreinum.  
*Áfram er unnið að þessum málum og deildir hvattar til að sinna þessu sérstaklega.*

## Mannauður skólans

1. Áfram skal stefnt skal að því að fjölga þeim sem nota vistvænar samgöngur.

*Þetta er mælt með fjölda þeirra starfsmanna sem hlýtur samgöngustyrk og þeim fjölgaði á árinu: Voru 32 í vetur en 25 árið áður. Sömuleiðis er fjöldi þeirra nemenda sem tekur áfangann ÍPRÓ1HJ01 nokkur mælikvarði en þeir nemendur fá einingu fyrir að hjóla eða ganga í skólann. Þeim fjölgaði nokkuð milli haustanna 2018 og 2019 en eru þó heldur fáir.*

2. Efla skal samvinnu á kennara á faglegum grunni.

*Skólinn með skólameistara í fararbroddi stóð fyrir skólaráðstefnu sem haldin var fyrsta föstudag í mars. Þar hittust kennarar úr fjórtán framhaldsskólum og ræddu fagleg málefni. Mjög mikil ánægja var með þann dag og flestir sammála um nauðsyn þess að halda slíku samstarfi áfram.*

3. Starfsmenn skulu hvattir til að leita sér endur- og viðbótarmenntunar.

*Eins og fyrr sóttu kennarar námskeið í sínum greinum bæði innan- og utanlands á árinu en þó er full ástæða til að halda þessu markmiði áfram og stefna að enn betri árangri.*

## Ímynd skólans

1. Leita skal leiða til að breyta ímynd skólans, ekki síst meðal grunnskólanema og aðstandenda þeirra.

*Á skólaárinu var unnið gott starf í þessum málum. Kynningarefni skólans var endurskoðað og gefinn út veglegur kynningarbæklingur. Sömuleiðis má segja að árangur nemenda í „Gettu betur“ sem áður er nefndur hafið vakið verðskuldaða athygli. Þegar gögn eru rýnd kemur í ljós að þegar grunnskólanemendur sækja skóla þá hefur orðið stórt stökk í þeim fjölda sem setja skólann í „annað val“ sjá meðfylgjandi töflu:*

	Haust 2018	Haust 2019	Haust 2020
1. val	57	21	59
2. val	29	32	<b>109</b>

*Nýnemar virðast því í auknum mæli vera farnir að líta á skólann sem raunhæfan kost að loknu grunnskólanámi og vonandi að sú þróun haldi áfram.*

2. Leita skal leiða til að auka skuldbindingu allra nemenda við skólann og skólastarfið.

*Þetta var framkvæmt á árinu, einkum í gegnum umsjónarstarf, foreldrasamstarf og aukna áherslu á félagslífið. Áfram skal stefnt að þessu markmiði með því að standa við bakið á nemendum í starfi og leik.*

## **Ný markmið fyrir skólaárið 2020-2021**

Hér á eftir fara helstu markmið fyrir komandi skólaár og hugleiðingar um hvernig best sé að vinna að þeim.

### **Líðan nemenda og starfsmanna**

1. Stefnt skal að því að auðvelda hinsegin nemendum dvölinna í skólanum eftir því sem hægt er.

*Mikilvægt er að fá þennan hóp til skrafs og ráðagerða. M.a. er mjög líklegt að upp komi ósk eða krafa um ókyngreind salerni og skólinn þarf að vera tilbúinn að bregðast við slíkri ósk. Kynningamál eru líka mikilvæg og þarf að huga að þeim bæði meðal nýnema og hinna sem eldri eru.*

2. Raddir allra þurfa að heyrast í skólastarfinu.

*Skólafundur síðasta skólaárs lofar góðu og mikilvægt að koma honum að sem föstum lið á dagskrá komandi ára. Eftirfylgni með slíkum fundi þarf líka að vera öllum sýnileg.*

3. Huga þarf að kennsluumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í og utan skólastofunnar.

*Áfram skal hugað að innréttingu kennslustofa en ekki síður að sameiginlegum svæðum utan þeirra. Alrýmið á fyrstu hæð (Steypan) er orðið lúíð og fyrirhugað að gera breytingar á því á komandi skólaári.*

4. Góð heilsa er fyrir öllu og á skólaárinu skal stefnt að því að styðja við holla hreyfingu starfsmanna og nemenda.

*Áfram skal hvetja starfsfólk til að nota umhverfissvænar samgöngur með því að greiða samgöngustyrk. Líkamsræktarstyrkur verði einnig áfram í boði og aðstaða í líkamsræktarsal bætt og endurnýjuð eftir þörfum kennurum sem og nemendum til gagns og ánægju.*

### **Þjónusta skólans**

1. Áfram skal unnið að því að auka þjónustu við nemendur með annað tungumál en íslensku.

*Miklar áskoranir fylgja því hve breiður þessi hópur er með tilliti til getu. Áfram skal reynt að meta nemendur inn í áfanga þannig að þeir fái kennslu við hæfi t.d. með því að hafa tvo áfanga í sama stökk sem auðveldar röðun eftir getu. Sömuleiðis skal áföngum í ÍSAN fjölgað og þess gætt að þeir verði ekki of fjölmennir.*

2. Framkvæma skal fleiri þjónustukannanir.

*Mikilvægt er að kanna næst viðhorf nemenda til bókasafnsins, skólahúsnæðisins og skrifstofunnar og einnig að fá þá til að segja skoðun sína á yfirstjórn skólans.*

3. Stefnt skal að því að rita gæðahandbók fyrir allan skólann og í framhaldi af því sækja um gæðavottun.

*Þessu markmiði skal framhaldið og í skoðun er hvort ekki skuli huga að grænu bókhaldi og loftslagsvottun næst.*

4. Allar upplýsingar um námsstöðu nemenda og viðveru þeirra skulu liggja fyrir í INNU á hverjum tíma.

*Mikilvægt markmið sem þokaðist áleiðis á þessu skólaári en er þó langt í frá í höfn. Á komandi skólaári verður það hlutverk deildastjóra til að hafa markvissa umsjón með þessum málum hjá starfsmönnum sinna deilda.*

5. Áfram skal setja kraft í umsjónarkerfi skólans, einkum þann hluta sem snýr að yngri nemendum.

*Á liðnu skólaári hófst tilraunaverkefni sem gaf mjög góða raun. Það fólst í því að ráða sérstaka umsjónarkennara til að halda utan um nýnema og hitta þá í föstum umsjónartímum. Því verkefni verður framhaldið á komandi ári.*

6. Efla skal þjónustu „Setursins“.

*Enn þarf að gera áttak til að fá nemendur til að nýta Setrið og verður því framhaldið á næsta ári.*

### Kennsla og fagleg málefni

1. Unnið skal að því að bæta svörun í kennslumati.

*Þátttaka í kennslumati dagskóla var ríflega 50% á liðnu ári. Markmiðið fyrir næsta ár er að svarhlutfall fari yfir 60%. Í fjarnámi skal leitað leiða til að framkvæma kennslumatið í gegnum Moodle (eða annað kerfi þar sem INNA hefur ekki reynst vel) og auka þátttökuna í framhaldi af því.*

2. Skólinn vill leitast við að bjóða nemendum sínum fjölbreytt námsmat.

*Eins og áður hefur komið fram fór námsmat síðustu vorannar fram án þess að gerð væri sérstök próftafla. Í stað þess var notast við tíma í stundatöflu fyrir prófin; bæði þau próf sem voru haldin á önninni og eins þau sem voru í annarlok. Almenn tókst þetta vel og á næsta skólaári skal stefnt að því að framkvæma námsmat með sama hætti; þ.e.a.s. sleppa próftöflu í annarlok og nota í þess stað tvöföldu tímana í stundatöflunni fyrir lokapróf þar sem það á við.*

3. Leita skal leiða til að minnka fall í byrjunaráföngum í kjarnagreinum.

Á næstu önn er stefnt að því að ráða nemendur á lokaári til að gerast aðstoðarkennarar í kjarnagreinum. Þeir mæta þá í tíma í byrjunaráföngum skv. stundatöflu og leiðbeina nemendum undir handleiðslu kennarans. Fyrir þetta fá nemendur annað hvor einingar eða greiðslu.

### Mannauður

1. Efla skal samvinnu á kennara á faglegum grunni.  
*Stefnt skal að því að halda skólaráðstefnu innan skólans á komandi skólaári. Þar verði fengnir utanaðkomandi aðilar með fyrirlestra ef þörf þykir en einnig verði kynningar á því sem vel hefur tekist hér í FÁ og kennarar miðli hverjir öðrum af reynslu sinni.*
2. Starfsmenn skulu hvattir til að leita sér endur- og viðbótarmenntunar.  
*Skólinn vill styðja við endurmenntun kennara og þeir skulu hvattir til að sækja námskeið og kynningar eftir því sem við verður komið. Skólinn aðstoðar kennara/deildir við að skipuleggja nauðsynlega forfallakennslu ef þarf vegna námskeiðahalds eða þessháttar.*

### Ímynd skólans

1. Leita skal leiða til að breyta ímynd skólans, ekki síst meðal grunnskólanema og aðstandenda þeirra.  
*Áfram skal leitað leiða til að kynna skólann, ekki síst meðal nemenda í elstu bekkjum grunnskólanna. Haldið verði áfram að bjóða nemendum nágrannaskólanna í morgunmat með tilheyrandi skólakynningu auk þess sem áfram verði unnið að veglegu opnu húsi á vorönn. Samfélagsmiðlar skulu notaðir til að dreifa fréttum af skólastarfinu og skulu þær fréttir ekki síst beinast að grunnskólanemendum og foreldrum þeirra.*
2. Áfram skal leitast við að auka skuldbindingu allra nemenda við skólann og skólastarfið.  
*Þetta verður best gert gegnum öflugt umsjónarstarf, foreldrasamstarf,*



*fjölbreytt félagslíf, fallett umhverfi og annað sem eykur vellíðan nemenda í daglegu lífi. Einnig skal leitast við að hlusta á hugmyndir nemenda hverju sinni og gefa þeim þau skilaboð að þeir geti haft áhrif á skólann öllum til heilla. Það eykur tilfinningu nemenda fyrir því að þeir séu hluti af samfélagi sem eftirsóknarvert er að tilheyra.*

3. Skólinn stefnir að því að helstu upplýsingar á heimasíðunni verði á fleiri tungumálum en íslensku.

*Það er mikilvægt fyrir skólann að undirstrika fjölmeningarsamfélagið sem ríkir innan hans með því að þjónusta þá nemendur sem ekki ráða að öllu leyti við íslenskuna. Á komandi skólaári skal hefja vinnu við að þýða mikilvæga hluta heimasíðunnar á ensku og pólsku.*

---

Reykjavík 25. júní 2020

Jóna Guðmundsdóttir gæðastjóri